

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *41.fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 30. ágúst 2012, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá Péttri Bjarna Gíslasyni f.h. Fuglasafns Sigurgeirs, ósk um leyfi til að setja niður fuglaskoðunarhús við Kálfstjörn.
3. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjun á rekstrarleyfi til handa Gísla Sverrissyni f.h. Hlíðar ferðapjónustu.
4. Erindi frá Landsvirkjun ósk um framkvæmdaleyfi fyrir landmótun á stöðvarhússlóð og hluta vegar í Bjarnarflagi.
5. Erindi frá Umhverfissráðuneyti, ósk um afstöðu sveitarstjórnar til samningsdraga um rekstur Náttúrustofu Norðausturlands.
6. Fundargerð Atvinnumálanefndar dags. 15. ágúst.
7. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 27. ágúst.
8. Hlutfjárloforð v/Mý-Sköpun.
9. Slægjufundur.

Til kynningar:

Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Ne. dags. 20. júní.

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 29. júní.

Bréf fjármálaráðuneytisins dags. 16. ágúst.

Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Ne. dags. 16. maí.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Birgir Steingrímsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 9 yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

2. Erindi frá Pétri Bjarna Gíslasyni f.h. Fuglasafns Sigurgeirs, ósk um leyfi til að setja niður fuglaskoðunarhús við Kálfstjörn.

Fyrir fundinum liggur bréf þar sem óskað er eftir leyfi til að setja niður fuglaskoðunarhús við Kálfstjörn í landi jarðarinnar Voga 3. Húsið er 4,4 m² að stærð. Með fylgir mynd sem sýnir áætlaða staðsetningu, leyfi Umhverfisstofnunar og samningur við landeigendur Voga 3. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

3. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjun á rekstrarleyfi til handa Gísla Sverrissyni f.h. Hlíðar ferðapjónustu.

Óskað er eftir endurnýjun á leyfi til reksturs gistingar, flokkur III. Sveitarstjórn samþykkir umbeðið leyfi fyrir sitt leiti.

4. Erindi frá Landsvirkjun ósk um framkvæmdaleyfi fyrir landmótun á stöðvarhússlóð og hluta vegar í Bjarnarflagi.

Óskað er eftir leyfi til að undirbúa framkvæmdir við landmótun á stöðvarhússlóð, lóð R1, skv. deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar og gerð syðsta hluta aðkomuvegar inn á lóð R1, sem liggur samsíða Námafjalli. Gera þarf umfangsmikla landmótun á fyrirhuguðu stöðvarhússvæði. Vinna þarf land niður um nokkra metra, auk þess sem grafið verður fyrir væntanlegu stöðvarhúsi. Efni sem fellur til vegna þessara landmótunar og grafrar verður að hluta notað sem undirbygging í veg, en megnið af efninu verður notað í landmótun á fyrirhuguðu skiljustöðvarsvæði. Sveitarstjórn samþykkti umbeðið leyfi með tölvupósti 3. júlí s.l. og staðfestist það hér með.

5. Erindi frá Umhverfissráðuneyti, ósk um afstöðu sveitarstjórnar til sammingsdraga um rekstur Náttúrustofu Norðausturlands.

Efni bréfs Umhverfissráðuneytisins er samningur þess og Norðurbyggðar og Skútustaðahrepps um rekstur Náttúrustofu N-Austurlands en núverandi samningur rennur út um næstu áramót. Í bréfinu segir að með fylgi drög að samningi um rekstur Náttúrustofu N-Vesturlands! Og óskað eftir afstöðu sveitarstjórnar til hans. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur rétt að koma þeirri ábendingu á framfæri við ráðuneyti umhverfismála að sveitarfélagið Norðurbyggð er ekki til, hins vegar er til sveitarfélagið Norðurþing og er líklegt að átt sé við það hér. Þá telur sveitarstjórn afar mikilvægt að ráðuneytið hafi það á hreinu hvort verið er að semja um Náttúrustofu N-Austurlands eða Náttúrustofu N-Vesturlands en svo virðist ekki vera sbr. framangreint.

Að þessu sögðu er það mat sveitarstjórnar Skútustaðahrepps að erindið sé ekki tækt til afgreiðslu að svo stöddu.

6. Fundargerð Atvinnumálanefndar dags. 15. ágúst.

Í öðrum lið fundargerðarinnar er tekið fyrir erindi frá Bergþóru Eysteinsdóttur þar sem hún óskar eftir að verða leyst undan gangnaskyldu haustið 2012, þar sem allt hennar fé gengur í heimalandi. Atvinnumálanefndin samþykkir að verða við því. Í þriðja lið fundargerðarinnar er tekið fyrir niðurjöfnun gangna. Fram kemur að Ólöf Hallgrímsdóttir hefur sagt af sér sem gangnaforingi á Neðri-Miðfjöllum. Við taka Jónas Pétur Pétursson, að norðan og Halldór Árnason að sunnan. Þá hefur Gylfi Yngvason hætt sem gangnaforingi í Krákárbakkahólfi og við tekur Ingibjörg Björnsdóttir. Fjártala til niðurjöfnunar á Austurafrétti haustið 2012 eru 1890, jafnað er niður 152 dagsverkum. Fyrstu göngur á Austurafrétt hefjast 31. ágúst og réttað verður á Hlíðarrétt sunnudaginn 2. sept. Fyrstu göngur í Gæsafjöll verða helgina 15-16 sept. og ákveðið að aðrar göngur í Neðri-Miðfjöll verði sömu helgi. Þriðju göngur í Neðri-Miðfjöll verða viku síðar. Aðrar göngur á önnur svæði verða helgina 22-23 sept. og þriðju göngur viku síðar.

Fyrstu göngur í Krákárbakkahólf hefjast 31. ágúst og fyrstu göngur á Suðurafrétt hefjast 1. sept. réttað verður í Baldursheimsrétt sunnudaginn 2. sept.

Í fjórða lið fundargerðarinnar leggur nefndin til að göngum haustið 2013 verði seinkað um viku og að réttað verði í Hlíðarrétt sunnudaginn 8. sept.

Sveitarstjórn samþykkti fundargerðina með tölvupósti 16. ágúst og staðfestist það hér með.

Eftir að gangnaseðill hafði verið gefinn út kom í ljós að jafnað hafði verið niður tveimur dagsverkum of mikið, þau eiga að vera 150 en ekki 152 og leiðréttist það hér með.

7. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 27. ágúst.

Í fyrsta lið fundargerðarinnar er farið yfir tillögur skipulagsráðgjafa vegna athugasemda Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar við drög að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 og hvernig bregðast skuli við þeim.

Í öðrum lið er farið yfir óskir landeigenda Reykjahlíðar og Voga um að efnistökusvæði við Randir (náma C) og Sandskarð sunnan við Svarthóla (náma J) verði settar inn á fyrirliggjandi drög að aðalskipulagi áður en til auglýsingar kemur. Nefndin fór í vettvangsferð á viðkomandi svæði og samþykkir erindin fyrir sitt leyti. Í þriðja lið kemur fram að athugasemdir hafi borist frá Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun við auglýsta skipulagslýsingu vegna stækkunar Kröfluvirkjunar. Efni þeirra hefur verið komið á framfæri við skipulagsráðgjafa.

Í fjórða lið er tekið fyrir erindi frá Brynjólfi Steingrímssyni f.h. Þorgerðar Egilsdóttur þar sem óskað er eftir að stofnuð verði lóð úr landi Grímstaða 4 skv. áður innsendum gögnum. Skipulags- og umhverfisnefnd óskar eftir því við umsækjanda að hann leggi fram hnitsettan lóðaruppdrátt teiknaðan inn á loftmynd á rafrænu formi, auk þess sem vakin er athygli á því að leita þarf umsagnar Umhverfisstofnunar þar sem lóðin er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár sbr. lög nr. 97/2004 áður en nefndin getur afgreitt erindið.

Í fimmta lið er fjallað um erindi Garðars Finnssonar þar sem hann sækir formlega um lóðina að Múlavegi 11. Meðfylgjandi eru teikningar og afstöðumynd. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að erindið verði grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í sjötta lið er tekið fyrir erindi frá Halldóri Árnasyni, Garði, þar sem hann óskar eftir framkvæmdaleyfi til 10 ára til að vinna 10.000 m³ af mól úr opinni námu (nr. 339E skv. drögum að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps) Að vinnslutíma loknum hyggst hann sá mel í sárið. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt.

Í sjöunda lið er tekið fyrir erindi frá Ásmundi Kristjánssyni, Stöng f.h. Gistiheimilins Stangar ehf. þar sem óskað er eftir heimild til að láta vinna tillögu að deiliskipulagi skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt.

Í áttunda lið er farið yfir spurningar sem vöknudu hjá nefndarmönnum við frétt aflutning um ástand hreinlætismála við Dettifoss. Sveitarstjóri upplýsti að framkvæmdaraðili (Vatnajökulsþjóðgarður) hefði talið að umrætt landsvæði tilheyrði sveitarfélaginu Norðurþingi en við nánari athugun kemur hins vegar í ljós að svæðið er innan Skútustaðahrepps. Ekki hefur verið gert ráð fyrir þessari landnotkun í drögum að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps sem nú er í vinnslu og þ.a.l. hefur ekki verið haft neitt samráð við sveitarstjórn Skútustaðahrepps um fyrirhugaðar framkvæmdir. Skipulags- og umhverfisnefnd felur skipulagsfulltrúa að óska eftir því við framkvæmdaraðila að hann geri nefndinni nánari grein fyrri væntanlegum framkvæmdum á svæðinu auk þess sem bent er á að sækja þarf um heimild til sveitarstjórnar Skútustaðahrepps til deiliskipulagsgerðar sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í níunda lið er tekið fyrir erindi frá Stefáni Skaftasyni f.h. Landgræðslu ríkisins þar sem óskað er eftir heimild til að tengja kerfi snjóbræðsluröra í göngustígum Dimmuborga við Hitaveitu Skútustaðahrepps. Nefndin samþykkir erindið fyrir sitt leiti enda falli allur kostnaður vegna framkvæmdarinnar á framkvæmdaraðila.

Í loka lið fundargerðarinnar er rætt um heimtaugar í gripahús/hlöður þar sem hitaveituvatn hefur verið selt með afslætti sem ekki samræmist gildandi gjaldskrá hitaveitunnar. Lárus mætti til fundarins og gerði grein fyrir málinu.

Skipulags- og umhverfisnefnd ítrekar að aðeins einn taxti er í gildi fyrir sölu á heitu vatni. Neytendur geta óskað eftir aukamæli sbr. 3. gr. í gjaldskrá hitaveitunnar en slíkt er á ábyrgð og kostnað húseigenda.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar á öllum liðum fundargerðarinnar.

8. Hlutfjárloforð v/Mý-Sköpun.

Vegna stofnunar hlutafélags um Mý-Sköpun samþykkir sveitarstjórn 2,5 milljón kr. hlutfjárframlag.

9. Slægjufundur.

Í ár kemur það í hlut íbúa frá Garði/Grænavatni að Kráka að sjá um slægjufund. Hólmgeiri Hallgrímssyni falið að kalla íbúa á svæðinu saman til undirbúnings.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Birgir Steingrímsson,

Eyrún Björnsdóttir,

Friðrik K. Jakobsson.